

1872.  
25. maí. gjörum Vær hèreð Vorum kærnu og trúu þegnum, að Vær höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vær með Vorri konunglegu auglýsingu 18. nóvbr. f. á., samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, höfðum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinsi Christian Frederik Vilhelm Carl.

28. maí. **64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.**

Það skal hèreð tilkynnt Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og að í dag hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greiðt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

4. júní. **65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um sending herskips til Íslands frá Englandi.<sup>1)</sup>**

Eptir að utanríkisstjórnin samkvæmt tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafði látið hinn konunglega danska sendiherra í Lundúnum, herforingja *Bilow*, leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að æskilegt væri, að England hefði nokkra tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands, hefir hún nú skýrt frá, að henni hafi borizt skýrsla um það, að enska stjórnin ætli útaf

<sup>1)</sup> Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 237—39.

þessu að senda enskt herskip til Íslands undir lok júlímán., sem nú fer í hönd, til þess það hafi þar stöðvar ágústmán. allan, og að skipið eptir undirlagi dómsmálastjórnarinnar einkum komi við fyrir norðan og austan.

1872.  
4. júní.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss, að tilkynna yður (tit), yður til leiðbeiningar.

## 66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundargjald af Eiríkstöðum.

7. júní.

Í bréfi, dagsettu 31. oktbr. f. á., hafið þér, herra amtdaður, borið undir stjórnarráðið til úrslita bænarskrá nokkra með fylgiskjölum og álití hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem ekkjan Guðrún Guðlögsdóttir á Eiríkstöðum í Norðurmúlasýslu hefir sókt um, að hún verði undanþegin að gjalda framvegis konungstíund af eignarjörð sinni Eiríkstöðum og hjáleigunni Hnefaseli, sem allt til 1863 heyrði Skeggjastaða kirkju til, og var seld henni með afsalsbréfi stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettu 18. marzm. s. á.; þar með biður hún um, að hlutazt verði til að sú konungstíund, sem sè greidd frá árinu 1863, verði borguð henni aptur. Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um bænarskrá þessa, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að með því eigi verður sèð, að jörðunni hafi verið áskilið tíundarfrelsi, þá er hún var seld frá kirkjunni, þá verði að alíta eptir almennum gildandi reglum, að eigi að greiða af henni tíund, og verður það því eigi veitt, sem sókt var um.